

**SAMÞYKKTIR
FYRIR
ICELAND SEAFOOD
INTERNATIONAL HF.**

**ARTICLES OF ASSOCIATION
FOR
ICELAND SEAFOOD
INTERNATIONAL HF.**

I. kafli

CHAPTER I

Nafn, heimili og tilgangur

Company Name, Domicile and Object

1. gr.

Art. 1

Félagið er hlutafélag og nafn þess er Iceland Seafood International hf.

The Company is a Public Limited Company. The Company's name is Iceland Seafood International hf.

2. gr.

Art. 2

Heimili félagsins er að Köllunarklettsvegi 2, Reykjavík.

The Company's legal domicile is at Köllunarklettsvegur 2, Reykjavik.

3. gr.

Art. 3

Tilgangur félagsins er að vera eignarhaldsfélag um eignarhluti í öðrum félögum og annast útflutning á fiski og fiskafurðum, rekstur fasteigna svo og annar slíkur rekstur.

The object of the Company is to be a holding company for shares in other companies, and to export seafood and seafood products, real estate management, and other similar operations.

II. kafli

CHAPTER II

Hlutafé félagsins

Share Capital of the Company

4. gr.

Art. 4

Hlutafé félagsins er kr. 2.336.344.934 – krónur tveir milljarðar þrjú hundruð þrjátíu og sex milljónir þrjú hundruð fjórtíu og fjögur þúsund níu hundruð fimmtíu og tvær. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna

The Company's share capital amounts to ISK 2,336,344,934 – two billion three hundred thirty six million three hundred forty four thousand nine hundred thirty four - divided into as many shares of one ISK each.

eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða hækkun á hlutafé félagsins um allt að kr. 42.583.145 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta í áföngum. Heimild stjórnar samkvæmt framangreindu nær aðeins til þess að uppfylla skilmála samninga um kauprétti starfsmanna í samræmi við kaupréttaráætlun félagsins sem samþykkt var á hluthafafundi félagsins þann 11. september 2018. Hluthafar félagsins munu ekki njóta forgangs til áskriftar að hinum nýju hlutum. Verð og aðrir skilmálar skulu vera í samræmi við kaupréttarstefnu og kaupréttarsamninga félagsins. Heimild þessi gildir til 11. september 2023.

The Board of Directors is authorized to increase the share capital of the Company in stages by up to ISK 42,583,145 shares in nominal value. The authorization of the board of directors shall only be utilized to fulfil terms under stock option agreements with employees in accordance with the Company's stock option plan approved by the Company's shareholders' meeting on 11th September 2018. The shareholders of the Company do not have pre-emptive subscription rights to shares issued under this authorization. Share prices and the rules governing the purchase of shares shall be in accordance with the terms of the stock option plan and the stock option agreements. This authorization shall be valid until 11th September 2023.

Í tengslum við fyrirtækjakaup er stjórn félagsins heimilt að ákveða hækkun á hlutafé félagsins um allt að kr. 85.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta í áföngum. Heimild stjórnar samkvæmt ákvæði þessu gildir til 15. júní 2020. Hluthafar félagsins skulu ekki njóta forgangs til áskriftar að hinum nýju hlutum sem gefnir eru út á grundvelli framangreindrar heimildar, samanber 3. mgr. 34. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, og 7. grein samþykktu þessara. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi hinna nýju hluta og sölureglur hverju sinni, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn félagsins skal vera heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfu hinna nýju hluta.

In connection with acquisitions, the Board of Directors is authorized to increase the share capital of the Company in stages by up to ISK 85,000,000 shares in nominal value by way of issuing new shares. This authorization of the Board of Directors shall be valid until 15th June 2020. The shareholders of the Company shall not have pre-emptive subscription rights to shares issued under this authorization, cf. Article 7 of these Articles of Association and Article 34 (3) of the Act No. 2/1995 on Public Limited Companies. The Board of Directors determines the offer price of the new shares, the terms of sale, the subscription deadline and deadline for payment. The Board of Directors shall be authorized to make necessary changes to the Company's Articles of Association resulting from the issue.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 225.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta í tilefni af skráningu félagsins á skipulegan verðbréfamarkað Nasdaq Iceland. Heimild stjórnar samkvæmt ákvæði þessu gildir til 31. desember 2019. Hluthafar félagsins skulu ekki njóta forgangs til áskriftar að hinum nýju hlutum sem gefnir eru út í

The Company's Board of Directors is authorized to increase the Company's share capital by as much as ISK 225,000,000 of nominal value by issuing new shares in relation to the Company's listing of the Company's shares on the regulated market of Nasdaq Iceland. This authorization of the Board of Directors shall be valid until 31st December 2019.

tengslum við skráningu hlutabréfa félagsins á skipulegan verðbréfamarkað Nasdaq Iceland á grundvelli framangreindrar heimildar, samanber 3. mgr. 34. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, og 7. grein samþykktu þessara. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi hinna nýju hluta og sölureglur hverju sinni, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn félagsins skal vera heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfu hinna nýju hluta.

The shareholders of the Company shall not have pre-emptive subscription rights to shares issued in relation to the listing of the Company's shares on the regulated market of Nasdaq Iceland under this authorization, cf. Article 7 of these Articles of Association and Article 34 (3) of the Act No. 2/1995 on Public Limited Companies. The Board of Directors determines the offer price of the new shares, the terms of sale, the subscription deadline and deadline for payment. The Board of Directors shall be authorized to make necessary changes to the Company's Articles of Association resulting from the issue.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í eigin flokkum í samræmi við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Art. 5

Shareholders' meetings may decide on an increase in the share capital of the Company, based on the rules that apply to amendment of these Articles of Association. Shareholders have pre-emptive rights to increased share capital in proportion to their holdings in the Company. Only shareholder's meetings may decide on a reduction in the share capital.

6. gr.

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa (með síðari breytingum).

Hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður og tilkynningar allar sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

Art. 6

Shares in the Company are issued electronically in accordance with the Act on Electronic Registration of Title to Securities No. 131/1997 (as amended from time to time).

The share register, pursuant to the Act on Electronic Registration of Title to Securities, shall be considered valid authentication for ownership of shares in the Company, and dividend payments, as well as announcements, shall be sent to the party who is at any time the registered owner of shares in the share register of the Company.

7. gr.

Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu sbr. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Art. 7

Upon an increase of share capital shareholders have a pre-emptive right to subscribe to new shares in direct proportion to their holdings. This rule may be deviated from, cf. Art. 34(3) of Act No. 2/1995 on Public Limited Companies.

8. gr.

Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til viðskipta með hlutabréf sín. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Art. 8

No restraints are placed on the rights of shareholders to sell their shares. Changes in ownership and its execution shall be made in accordance with the Act on Electronic Registration of Title to Securities and rules based on the act.

9. gr.

Félagið má ekki veita lán út á hluti sína nema lög leyfi.

Art. 9

The Company is not permitted to grant credit against share certificates in the Company unless permitted by statutory law.

Félaginu er heimilt að eiga allt að 10% af útgefnu hlutafé. Félagið getur aðeins eignast hluti samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn og skal slíkrar heimildar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar. Viðaukinn skal teljast órjúfanlegur hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi.

The Company may hold own shares up to a limit of 10% of the Company's total issued share capital. The Company may only acquire own shares pursuant to an authorization granted by a shareholders' meeting to the Board of Directors. Such authorization shall be stated in a special annex to these Articles of Association which shall be considered an integral part of the Articles of Association during the period that the authorization is in effect.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Voting rights may not be exercised for shares owned by the Company.

10. gr.

Hluthafar ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

Art. 10

Shareholders are not liable for the commitments of the Company beyond their share in the Company.

III. kafli

CHAPTER III

Hluthafafundir

Shareholders' Meetings

11. gr.

Art. 11

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda séu hluthafar fleiri en einn en ella í höndum hluthafans, sbr. lög nr. 2/1995 um hlutafélög.

The supreme authority in the affairs of the Company is in the hands of legitimate shareholders' meetings in case of shareholders being more than one, otherwise in the hands of the sole shareholder, cf. Act No. 2/1995 on Public Limited Companies.

12. gr.

Art. 12

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

The Annual General Meeting shall be held before the end of June each year.

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörinn endurskoðandi eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

The Board of Directors shall call a shareholders' meeting when deemed necessary, or in accordance with a meeting resolution, or when elected auditors or shareholders that control at least 1/20 of all shares make a written request, stating the subject matter of the meeting.

Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 21 dags frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað skv. ákvæðum 2. mgr. 87. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

When a lawful request for a meeting has been made, the Board of Directors shall be required to call a meeting within 21 days from when the request arrives. If the Board has not called a meeting within this period, it is permitted to demand that a meeting be called in accordance with Article 2 paragraph 87 of Act No. 2/1995 on Public Limited Companies.

Hluthafafundir skulu boðaðir með auglýsingu í fjölmiðlum eða með rafrænum hætti í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995.

Shareholder meetings shall be announced with advertisements in the media or through electronic means pursuant to the Act No. 2/1995 on Public Limited Companies.

Hluthafafundir skulu boðaðir með skemmst þriggja vikna fyrirvara en lengst fjögurra vikna fyrirvara, nema hluthafar félagsins hafi áður samþykkt boðun með skemmri fyrirvara á grundvelli þeirra

Shareholder meetings shall be announced with a minimum of three weeks' notice and a maximum of four weeks' notice, unless shareholders of the Company have approved shorter notices as provided for

skilyrða sem fram koma í 88. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

and with the conditions stipulated in Article 88 a of Act No. 2/1995 on Public Limited Companies.

Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Matters to be discussed at the meeting shall be stated in the announcement.

Ef taka á til meðferðar á fundi tillögu um breytingar á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

If changes to the Articles of Association are on the agenda, the announcement shall include the main proposals to be discussed.

13. gr.

Art. 13

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að sendar skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta.

It is permitted to use electronic documentation and e-mail interaction between the Company and shareholders, in place of sending or presenting documents written on paper. This authorization applies to all types of interaction between the Company and shareholders, for example announcements regarding shareholders' meetings, dividend payments and other announcements that the Board of Directors decides should be made to shareholders. Such electronic interaction is equivalent to communications written on paper. The Board of Directors shall set rules regarding the implementation of electronic communications.

Hluthafafundur er lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef hann er löglega boðaður.

A shareholder's meeting is valid if it has been legitimately called, regardless of how many shareholders attend.

14. gr.

Art. 14

Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar ásamt ráðgjafa, umboðsmenn hluthafa, stjórn og endurskoðendur félagsins sem og framkvæmdastjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

The right to attend a shareholders' meeting is granted to shareholders, shareholders' proxies, company auditors and the Chief Executive Officer of the Company, irrespective of whether he or she is a shareholder or not. The Board of Directors can invite specialists to individual meetings if their expertise or assistance is needed.

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án

The Board of Directors is authorized to allow shareholders to participate in proceedings at shareholders' meetings

Þess að vera á fundarstað telji hún að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til þess. Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

through electronic means without being present at the meeting venue if it deems that available equipment is sufficiently secure for this purpose. If the Board of Directors decides to use this authorization, it shall be specially noted in the announcement for the shareholders' meeting.

Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með 5 daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.

Shareholders intending to participate electronically shall inform the company's office with 5 days' notice, and submit written questions regarding the agenda or present documents that they would like answers to at the meeting.

Hluthafar skulu hafa aðgengi að leiðbeiningum um þátttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti ásamt aðgangsorði og nauðsynlegum hugbúnaði til slíkrar þátttöku. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum.

Shareholders shall have access to instructions regarding participation in shareholders' meetings through electronic means, along with a password and the necessary software for such participation. A password entered into the computer program is equivalent to the signature of the respective shareholder, and is considered acknowledgment of his participation in the shareholders' meeting.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

A shareholder may authorize another person to attend shareholders' meetings on his or her behalf. The representative shall submit a written and dated proxy.

Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar, hvort heldur sem fyrr er.

Proxies will not be validly rescinded as concerns the company after they have been submitted and meeting documents handed over, or after the meeting has been called to order, whichever comes first.

15. gr.

Art. 15

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé.

At shareholders' meetings each share shall carry one vote.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess, nema þess hafi verið getið í fundarboði.

Proposals for amendments of these Articles of Association or merger with other companies cannot be discussed at shareholders' meetings unless they were mentioned in the call to the meeting.

Hluthöfum skal gefinn kostur á að greiða

Shareholders shall have the opportunity

atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflaga. Setur stjórn reglur um framkvæmd slíkrar kosningar.

to vote on proposals or participate in balloting through mail. The Board of Directors sets rules on such balloting procedures.

16. gr.

Art. 16

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

The Agenda of the Annual General Meeting shall include the following:

1. Stjórn félagsins skýrir frá rekstri félags og hag þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram, ásamt athugasemdum endurskoðenda ef einhverjar eru, til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig skal fara með hagnað eða tap á síðasta fjárhagsári.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna á starfsárinu.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Önnur mál.

1. The report of the Board of Directors on the activities of the Company in the preceding year of activities.
2. The accounts of the Company for the preceding financial year, including an audit report, shall be submitted for confirmation.
3. Elections to the Board of Directors and of an Auditor or Auditors.
4. Decision on the disposal of earnings or loss of the Company for the preceding financial year.
5. Decision on remuneration to the Members of the Board of the Company.
6. The Board's proposal for a remuneration policy
7. Any other business.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutfjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 hér að ofan til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

If shareholders controlling at least 1/3 of all shares make a written request at the annual meeting, decisions regarding point 2, paragraph 1 above shall be postponed and taken up at an extraordinary annual meeting to be held not earlier than one month, and not later than two months, later. Further postponements may not be requested.

Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðanda, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og aðrar tillögur stjórnar til aðalfundar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis eigi síðar en 21 dögum fyrir aðalfund.

The financial statements of the company, the Board of Director's report on operations, the auditors' report, information on the total number of shares and votes on the date of the calling of a meeting, the Board's proposal of a remuneration policy and other proposals of the Board to the Annual General Meeting shall be available for shareholders to examine at the

company's headquarters no later than 21 days prior to the Annual General Meeting.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.

Each shareholder is entitled to have a specific matter dealt with at a shareholders' meeting if he submits a request, in a written form or electronically, to the Board of Directors with sufficient notice to allow the matter to be placed on the agenda of the meeting, but no later than 10 days prior to the meeting. A rationale or a draft resolution shall be enclosed with such request to the Board of Directors. Information on such request must be published on the Company's website no later than three days prior to the meeting, together with the proposal and, as the case may be, a revised agenda of the meeting.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

The simple majority of votes will decide issues at shareholders' meetings unless alternative instructions are provided by law or these Articles of Association.

17. gr.

Art. 17

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Record of Minutes shall be kept and proceedings of the meeting entered into it.

IV. kafli

CHAPTER IV

Stjórn félagsins

The Board of Directors of the Company

18. gr.

Art. 18

Stjórn félagsins skal skipuð á bilinu þremur til fimm aðalmönnum og allt að einum varamanni. Skulu þeir kosnir árlega á aðalfundi, til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.

The Board of Directors of the Company shall be composed of between three to five members and up to one alternate member. They are to be elected at the Annual General Meeting for a term of one year. The eligibility of Members of the Board shall be subject to statutory law.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna félagsstjórn um framboð sitt skemmst 5 dögum fyrir

Those who intend to put themselves forward for election to the Board of Directors shall declare so in writing to the

hluthafafund. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

company's Board of Directors at least five full days prior to the start of the Annual General Meeting. The declaration of candidacy for the Board of Directors shall include the candidate's name, ID number and address, information on primary occupation, other directorship participation, education, experience and shareholding in the company. Moreover, information regarding vested interests with the company's main customers and competitors, as well as shareholders who own more than 10% in the company, shall be disclosed.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbindur félagið.

The Board of Directors of the Company is the supreme authority in the affairs of the Company between shareholders' meetings. It shall handle the affairs of the Company and ensure that its organization and operation are at all times in correct and appropriate order. The Board shall ensure adequate supervision of the accounts and disposal of the Company's property. The signatures of the majority of the Board are binding for the Company.

Afl atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögum fyrirmælum. Atkvæði stjórnarformanns ræður úrslitum ef atkvæði falla að jöfnu.

Decisions are taken by majority vote unless otherwise provided in these Articles of Association or legitimate instructions. The vote of the Chairman shall be a tie-breaker in the event votes are evenly split

Stjórnendur halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

Members of the Board shall keep minutes of proceedings at Meetings of the Board and confirm such minutes with their signatures.

19. gr.

Art. 19

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

The Board of Directors shall allocate tasks. The Chairman shall convene meetings of the Board and preside at Board meetings. The Chairman shall also convene a meeting of the Board if requested by one Member of the Board or the Chief Executive Officer.

Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna tekur þátt í fundarstörfum. Mikilvæga ákvörðun má þó

A Board of Directors' meeting is competent to make decisions when a majority of directors participate in the

ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

meeting. A significant decision may, however, not be taken unless all directors have had an opportunity to discuss the matter, if possible. Directors are permitted to participate in Board of Directors' meetings using communication equipment.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

The Board of Directors shall establish rules of procedure setting out further details of the performance of its duties.

Ef kjörnar eru nefndir á vegum stjórnarinnar skv. ákvæðum í starfsreglum skulu niðurstöður þeirra einungis vera leiðbeinandi fyrir stjórnina en hún ekki bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála nema mælt sé fyrir um á annan veg í lögum.

If committees are elected by the Board of Directors in accordance with stipulations in working procedures, their conclusions shall only be proposals for the Board of Directors, which is not obligated by them when making determinations in individual matters unless otherwise stipulated by law.

20. gr.

Art. 20

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

The Board of Directors appoints a Chief Executive Officer of the Company and decides on the terms of his or her employment. Only the Board of Directors may assign powers of procuration on behalf of the Company.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða daglegan rekstur þess. Framkvæmdastjóri sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum/skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

The Chief Executive Officer has charge of the day-to-day operations of the Company, and represents the Company in all matters concerning normal operations. The Chief Executive Officer shall manage the accounts of the Company and employ the employees of the Company. The Chief Executive Officer shall grant board members and auditors all necessary information on the operations of the Company which they might request and should be granted according to statutory law.

V. kafli

CHAPTER V

Reikningar og endurskoðun

Accounts and Auditing

21. gr.

Art. 21

Á aðalfundi skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda og/eða endurskoðunarfirma til að rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

A chartered accountant or inspectors and alternate or accounting firm shall be elected auditor at each Annual General Meeting of the Company for a term of one year. The auditor shall examine the Company's accounts for each year of operation and submit their result for the Annual General Meeting of the Company. Auditors or inspectors may not be elected from employees or board members.

22. gr.

Art. 22

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

The operating year and fiscal year of the Company shall be the calendar year. The Board of Directors of the Company shall have prepared the annual accounts and submitted it to the auditors or inspectors no later than one month before the Annual General Meeting.

VIII. kafli

CHAPTER VIII

Önnur ákvæði

Further Provisions

23. gr.

Art. 23

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

No special rights attach to any share in the Company. Shareholders are not obliged to be subject to the redemption of their shares unless otherwise required by statutory law.

24. gr.

Art. 24

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með

These Articles of Association may be amended at a lawfully convened shareholders' meeting. A decision to

samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

amend these Articles of Association is only valid if approved with the support of 2/3 of the cast votes, provided that shareholders controlling at least 2/3 of the shares represented in the meeting participate in the polling, on the condition that other voting power is not reserved in these Articles of Association or in statutory law.

25. gr.

Eftirfarandi ákvarðanir skal taka á hluthafafundi og verða því aðeins gildar að þær hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða á þeim hluthafafundi:

1. Sala, framsal eða önnur ráðstöfun á öllum eða nánast öllum eignum félagsins.
2. Innlausn, sala eða kaup á eigin hlutum félagsins.
3. Verulegar breytingar á eðli rekstrar félagsins.
4. Samruni, skipting og breyting rekstrarforms félagsins.
5. Samþykki greiðslu arðs til hluthafa.
6. Skráning eða afskráning félagsins á markaðstorgi fjármálagerninga.

Til að ákvörðun um slit félagsins sé gild þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

1. að skylda hluthafa til þess að leggja fram fé til félagsparfa umfram

Art. 25

Decisions relating to the following matters shall be made at shareholders' meetings and will become valid only provided they obtain the approval of a minimum of 2/3 - two-third - of the votes cast at the relevant shareholders' meeting:

1. Sale, assignment or other transfer of the entire or materially all assets of the Company.
2. Any acquisition, disposal or sale of own shares in the Company.
3. Material changes to the Company's operations.
4. Merger, de-merger and conversion of the Company.
5. Approval of distributions of dividend to the shareholders.
6. The listing or delisting of the Company in a multilateral trading facility.

Decision on dissolution of the Company shall be made by shareholders controlling at least 2/3 - two third - of the Company's share capital. Shareholders' meeting, which has made a lawful decision on the division or dissolution of the Company, shall also decide on how the assets of the Company should be disbursed and debts paid.

The consent of all shareholders is required to:

1. Oblige shareholders to contribute funds etc. for Company needs

- skuldbindingar sínar.
2. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.

- beyond their commitments.
2. Limit shareholders' rights to dispose of their shares.

Ákvörðun um breytingu á samþykktum þessum sem raska réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, gjaldi henni jákvæði.

A decision to amend these Articles of Association which deranges the relationship between shareholders will be valid only provided that it is approved by those shareholders who are to be subject to the abridgment of rights.

26. gr.

Art. 26

Þar sem ákvæði samþykka þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög og öðrum lagaákvæðum þar sem við á.

Where the provisions of the present Articles of Association do not stipulate proceedings the provisions of Act No. 2/1995 on Public Limited Companies shall be abided by.

Viðauki nr. 1 við samþykktir Iceland Seafood International hf., sbr. grein 9:

Annex No. 1 to the Articles of Association of Iceland Seafood International hf. pursuant to Article 9:

Aðalfundur félagsins, haldinn 12. júní 2019 samþykkir að veita stjórn þess heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 til þess að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess, m.a. til þess að gera upp kaupréttarsamninga við starfsmenn.

The Annual General Meeting of the Company, held on 12 June 2019 authorizes the Board of Directors, based on Article 55 of the Act No. 2/1995 on Public Limited Companies to acquire on behalf of the Company up to 10% of its total issued share capital, inter alia to settle call option agreements with employees.

Heimild þessi gildir til 12. nóvember 2020.

This authorization shall remain in effect until 12 November 2020.

* * * *

* * * *

Samþykkt hinn 11. apríl 2006.

Adopted on 11 April 2006.

Þannig breytt hinn 6. júlí 2006.

Modifications adopted on 6 July 2006.

Þannig breytt hinn 27. maí 2010.

Modifications adopted on 27 May 2010.

Þannig breytt hinn 23. ágúst 2011.

Modifications adopted on 23 August 2011.

Þannig breytt hinn 18. apríl 2012.

Modifications adopted on 18 April 2012.

Þannig breytt hinn 11 maí 2016.

Modifications adopted on 11 May 2016.

Þannig breytt hinn 17. maí 2018.

Modifications adopted on 17 May 2018.

Þannig breytt hinn 11. september 2018.	Modifications adopted on 11 September 2018.
Þannig breytt hinn 16. september 2018.	Modifications adopted on 16 September 2018.
Þannig breytt hinn 9. janúar 2019	Modifications adopted on 9 January 2019.
Þannig breytt hinn 23. janúar 2019.	Modifications adopted on 23 January 2019.
Þannig breytt hinn 30. mars 2019.	Modifications adopted on 30 March 2019.
Þannig breytt hinn 12. júní 2019	Modifications adopted on 12 June 2019.

Fyrir hönd / On behalf of Iceland Seafood
International hf.
